


HJARTAVERND



29. ÁRGANGUR
1. TÖLUBLAÐ MAÍ 1992

Hjartsláttur – taktur lífsins



Alþjóðaheilbrigðisdagurinn 7. apríl 1992

Sjá bls. 23

Meðal efnis:

Hjartaómun í nútíð og framtíð
Ragnar Danielsen, hjartalæknir

Nýir gangráðar og ígrædd raflosttæki
Árni Kristinsson, yfirlæknir

Mataræði og mannlíf á Íslandi
Laufey Steingrímsdóttir, næringarfræðingur

Öldrunarrannsóknir Hjartaverndar
Björn Einarsson, öldrunarlæknir

Ársskýrsla Rannsóknastofu Hjartaverndar
Nikulás Sigfússon, yfirlæknir

Vaxandi aðsókn að hjartaendurhæfingu
Magnús B. Einarson, endurhæfingalæknir

FITUMINNSTA VIÐBIT Á ÍSLANDI !

...en samt með ósviknu smjörbragði.



KLÍPA er ný tegund af viðbiti sem ætlað er ofan á brauð.

KLÍPA er tvímælalaust tímamótvara. Fitán í henni er aðeins **27%** eða priðjungi minni en í öðru léttu viðbiti.

KLÍPA hefur einnig þann frábæra eiginleika að fitan, sem notuð er við framleiðsluna, er 4/5 smjör og 1/5 olía. Þess vegna er **KLÍPA** ekki aðeins afar fitusnauð heldur er af henni ljúffengt smjörbragð.

Bragðaðu á **KLÍPU**
- hún bregst ekki!



HJARTAVERND



29. ÁRGANGUR 1. TÖLUBLAÐ MAÍ 1992

Útgefandi:

Hjartavernd, Landssamtök hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi

Ritstjórn:

Snorri P. Snorrason, Nikulás Sigfússon, Stefán Júlíusson, Guðmundur Þorgeirsson og Þórður Harðarson.

Afgreiðsla blaðsins:

Skrifstofa Hjartaverndar, Lágmúla 9, 3. hæð, sími 83755

Setning, umbrot, filmuvinnna og prentun:

Svansrent hf.

Efni:

Skýrsla formanns	1
Hjartaómun í nútíð og framtíð	3
Öldunarrannsóknir Hjartaverndar	7
Ársskýrsla Rannsóknastöðvar Hjartaverndar	11
Mataræði og mannlíf á Íslandi	17
Nýir gangráðir og ígrædd raflosttæki	19
Vaxandi aðsókn að hjartaendurhæfingu	21
Skynsamleg hreyfing stórbætir heilsuna	23
Alþjóðahelbrigðisdagurinn	23

Magnús Karl Pétursson, hjartasérfræðingur

Skýrsla formanns


Góðir félagar

Starfsemi félagsins hefur verið með hefðbundnum hætti. Eins og sjá má hér á eftir af reikningum félagsins er nú nokkur halli á rekstri þess. Fram kemur einnig að framlag ríkisins er eins og áður aðeins um fjórðungur af rekstrarkostnaði rannsóknarstöðvarinnar. Árangur af árlegu happdrætti Hjartaverndar var svipaður og áður þrátt fyrir ótta manna um minni sölu vegna happdrættis Landssamtaka hjartasjúklinga um svipað leyti. Nokkur samdráttur mun hafa orðið í lausasölu en sala til fyrirtækja skilaði sér hins vegar vel. Ljóst er þó að þróngt er orðið á þessum markaði.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir yfirstandandi ár var farið fram á að framlag ríkissjóðs til rannsóknarstöðvar yrði 21.727 milljónir, og til MONICA-rannsóknarinnar 3.551 milljónir. Til að fylgja þessu eftir fór formaður ásamt yfirlækni Nikulási Sigfússyni,

Hjördísi Kröyer og Sigurði Helgasyni á fund heilbrigðisráðherra þar sem gerð var grein fyrir starfsemi og fjárbörf Hjartaverndar. Ráðherra tók okkur vel og lýsti yfir að hann tryði á starfsemi slíkra félaga sem Hjartavernd væri og mundi styðja starfsemina. Árangur varð hins vegar minni en vonir stóðu til þegar fjárlagafrumvarpið leit dagsins ljós, en upphæðin sem ætluð var til Hjartaverndar var í krónum talin minni en fyrir næsta ár á undan eða 8,2 milljónir til rannsóknarstöðvar og 3,6 milljónir til MONICA-rannsóknarinnar. Þrátt fyrir fund með fjárveitinganefnd og privat viðtöl við margra meðlimi fjárveitinganefndar og bréfaskipti til þeirra þá var lokaniðurstæðan sú að um nokkurn niðurskurð var að ræða fyrir yfirstandandi ár miðað við síðastliðið ár.

Er það reyndar í samræmi við niðurskurð til annarra heilbrigðisstofnana. Eins og fram kemur í skýrslu yfirlæknis rannsóknarstöðvar sér nú fyrir end-



Magnús Karl Pétursson

ann á hinni stóru hóprannsókn Hjartaverndar sem staðið hefur í u.p.b. aldarfjórðung. Segja má að lokahnykkurinn á þeirri rannsókn sé öldunarrannsóknin sem nú er hafin. Reikna má með því að sú rannsókn standi í a.m.k. 3 ár. Vegna þessa hefur framkvæmdastjórn formlega farið þess á leit við rannsóknarstjórn að hafinn verði undirbúningur á næsta stóra rannsóknarverkefni Hjartaverndar. Rannsóknarstjórn er nú að athuga möguleika á því að rannsaka heilsufar yngra fólks á Íslandi og fléttu

slíkri rannsókn saman við fyrri hóprannsóknir Hjartaverndar með því að athuga afkomendur þeirra sem tóku þátt í upphaflegu hóprannsókninni. Er þá haft í huga að taka með í athugunina erfðafræðilega þætti. Þegar hefur verið gerð forkönnun í samráði við Erfðafræðinefnd og lofar sú forkönnun góðu en ljóst má vera að undirbúningur slíkra rannsóknar þarf að vera vel undirbyggður og tekur allnokkurn tíma.

Aðalstjórn samþykkti á fundi sínum 4. júlí 1991 að vinna að samvinnuverkefni um manneldismál við Krabbameinsfélag Íslands, svo og Manneldisráð. Hugmyndin er að gefa út matreiðslubók með uppskriftum að almennu hollustufæði sem tekur fyrst og fremst mið af íslenskum matarvenjum og íslensku hráefni. Haft var samband við Krabbameinsfélag Íslands og Manneldisráð og var niðurstaðan sú að af hálfu Hjartaverndar voru kosnir til þess starfs Sigurður Helgason, okkar fræðslu- og upplýsingafulltrúi og Jón Högnason, læknir. Af hálfu Krabbameinsfélagsins voru tilnefnd Jónas Ragnarsson og Guðrún Agnarsdóttir, læknir, og af hálfu Manneldisráðs var tilnefnd Laufey Steingrímsdóttir, næringarfræðingur, og er hún jafnframt formaður þessa vinnuhóps sem vinna mun að útgáfu þessa rits. Var samþykkt að veita 250.000.- þúsund krónum til þessarar undirbúningsvinnu, en Krabbameinsfélagið lagði sömu upphæð á móti. Hins vegar er áætlað að afla fjár til útgáfunnar með styrktarfé frá fyrirtækjum svo og sölu bókarinnar.

Á fundi þann 21. nóvember 1991 samþykkti aðalstjórn Hjartaverndar að beina þeim tilmálum til stjórnar Landssamtaka hjartasjúklinga að stofnud yrði samvinnunefnd þessara samtaka sem hefði það hlutverk með höndum að efla samvinnu um leiðir að sameiginlegum markmiðum félaganna, svo og að ræða ágreiningsmál ef upp kynnu að koma. Af hálfu Hjartaverndar voru tilnefndir í þessa samvinnunefnd Magnús Karl Pétursson, Karl Friðrik Kristjánsson og Sveinn Magnússon. Erindi þetta var síðan sent stjórn Landssamtaka hjartasjúklinga og var þessi tillaga samþykkt þar. Af hálfu þeirra samtaka voru tilnefndir Sigurður Helgason, formaður þeirra, Haraldur Steinþórsson og Jón Þór Jóhannesson. Nefndinni hafði verið ætlað að koma saman tvívar til þrisvar á ári en hefur þegar fundað þrisvar og var strax á fyrsta fundinum samþykkt að vinna sameiginlega að kynningu á hjartasjúkdóum, forvörnum og læknингum þeirra á alþjóðlegum heilsudegi á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem haldinn verður um heimallan þann 7. apríl næstkomandi og helgaður verður hjartasjúkdóum og baráttunni gegn þeim. Sameiginlega munu því samtökin standa að dagskrá í fjöldum, blöðum, útvári og sjónvarpi. Er það von míni að þetta verði grundvöllur að frekara samstarfi á komandi árum.

Þann 24. janúar 1992 var haldinn eins dags fundur í Kaupmannahöfn með fulltrúum allra Norðurlanda varð-

andi málefni hjartasamtaka á svæðinu. Fulltrúi Hjartaverndar á fundinum var Hjörðís Kröyer, en þar var einnig mættur Haraldur Steinþórsson sem var fulltrúi Landssamtaka hjartasjúklinga. Á fundinum var rætt um nánari samvinnu Norðurlandanna um stefnumarkandi mál hjartasamtaka þar og var ákveðið að hittast að nýju í októbermánuði næstkomandi í Kaupmannahöfn þar sem áætlað er að stofna Nordic Union sem verður samtök skandinaviska hjartasamtaka.

Góðir fundarmenn, það kemur æ betur í ljós eftir því sem árin líða hve gifurlega mikils virði þær rannsóknir eru sem gerðar hafa verið af samtökum Hjartaverndar á liðnum árum. Það fer ekki fram hjá neinum sem fylgist með rannsóknum á svíði hjartasjúkdóma og sækir þing þar sem niðurstöður þessara rannsókna eru birtar að þær vekja jafnan mikla athygli og aðdáun fyrir það hversu vel þær eru gerðar og ábyggilegar, en á liðnu ári hafa niðurstöður byggðar á rannsóknum Hjartaverndar verið birtar víða um heim bæði á alþjóðlegum þingum svo og í víðlesnustu tímaritum.

Ég vil að lokum nota tækifærið og þakka öllu starfsfólki Hjartaverndar, jafnt á rannsóknarstöð sem á skrifstofu fyrir vel unnin störf og samstarfsmönnum í stjórn þakka ég sömuleiðis góða samvinnu og óeigingjörn störf í þágu samtakanna. Og að lokum vil ég þakka öllum velunnurum Hjartaverndar um land allt velvild og hlýhug í garð samtakanna.

Miðaverð kr. 600,- Dregið 9. október 1992

HAPPDRÆTTI HJARTAVERNDAR 1992

VINNINGAR AÐ VERÐMÆTI KR. 9.000.000,-

Gott hjarta er gulli betra

Ragnar Danielsen hjartasérfræðingur:


HJARTAÓMUN Í NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ

Inngangur

Hjartaómun er rannsóknartækni er byggir á notkun hátiðni hljóðbylgna til þess að fá upplýsingar um útlitsgerð og starfræna getu hjartans. Hjartaómun byggir á notkun fleiri en einnar ómunartækni er þróast hafa ört síðustu 10-15 árin, einkum með tilkomu öflugari tölvubúnaðar. Í dag er hjartaómun talin ómissandi aðferð við rannsókn á nánast öllum hjartasjúkdómum. Grein þessi fjallar um það sem í dag telst hefðbundin hjartaómun, en auk þess verður að nokkru rætt um væntanlega þróun í framtíðinni.

Hefðbundin hjartaómun

Hefðbundin hjartaómun felst í því



Hjartaómunartæki af nýjustu gerð

að gera tölvusneiðmyndatöku af hjartanu frá ýmsum sjónarhornum gegnum brjóstvegg, svokallaða *tvívíddarhjartaómun*. Samhliða þessari tækni er oft gert svokallað hreyfiómrit sem hentar vel til þess að gera nákvæmar mælingar á stærðum hjartahólfra. Auk þess getur sú aðferð gefið vissar upplýsingar um útlit og starfsemi á hjartalokum. Þriðja aðferðin er svokölluð hefðbundin *Doppler-ómun* er gerir kleift að gera hraðamaelingar á blóðflæði, t.d. um hjartalokur, og gefur það upplýsingar um bæði þrengsli og leka í hjartalokum. Með *lita-ómun* eru hins vegar gerðar hraðamaelingar á blóðflæði um hjartahólfin og lokurnar í mörgum punktum samhliða tvívíddarómun. Tölva gefur síðan hverjum punkti ákveðinn lit eftir því í hvaða átt blóðflæðið er að fara. Er tölvan raðar saman þessum punktum kemur fram tvívíddar litaómunarkort af blóðflæði um hjartað. Hefur þessi rannsóknaraðferð valdið gerþyltingu við mat á mörgum hjartasjúkdómum, sérstaklega meðfæddum hjartasjúkdómum og lokusjúkdómum. Hefðbundin hjartaómun í gegnum brjóstvegg gefur auk þess góðar upplýsingar um hjartavöðvasonjúkdóma, sjúkdóma í gollurshúsi og afleiðingar kransæðasjúkdóms. Í flestum tilfellum þarf nú ekki að gera hjartaþræðingu til þess að fá viðbótar-upplýsingar um meðfædda hjartasjúkdóma og lokusjúkdóma ef fyrir liggur góð rannsókn með hjartaómun. Enn þarf þó að gera hjartaþræðingu til þess að fá upplýsingar um útlit kransæða ef



Ragnar Danielsen

fyrirhugað er að gera kransæðauvíkkun eða kransæðaaðgerð.

Góða hjartaómun um brjóstvegg er hægt að gera hjá um og yfir 80% sjúklings. Í sumum tilfellum fast þó ófullnægjandi upplýsingar vegna lélegs ómskyggis, t.d. vegna lungnasjúkdóms. Hátíðnibylgjurnar sem notaðar eru við hjartaómun fara ekki í gegnum loftfylltan lungnavef. Er þá oft gripið til nýrrar rannsóknaraðferðar, hjartaómunar um vélinda.

Hjartaómun um vélinda

Hjartaómun um vélinda er rannsóknaraðferð sem ruttið hefur sért til rúms undanfarin 10 ár. Vélindað liggur þétt upp að hjartanu aftanvert og er því hægt að fá góðar myndir af hjartanu með því að óma frá vélindanu. Búnaði til hjartáomunar er komið fyrir á enda umbreytts magaseglunartækis. Í aðalatriðum er notast við sams konar rannsóknaraðferðir og lýst er hér að ofan við ómun um brjóstvegg. Þessi rannsóknaraðferð nýtur vaxandi hylli í dag og fer notkun hennar ört vaxandi. Hún hentar til mats á flestum hjartasjúkdóum þegar að ómun um brjóstvegg er ófullnægjandi. Hjá sjúklingum er fengið hafa heilaáföll getur orsókin verið segaskot frá segalind í hjarta. Hjartaómun um vélinda hefur reynst

sérstaklega nákvæm rannsóknaraðferð til þess að leita að segum í hjarta. Einnig er aðferðin mun nákvæmari heldur en ómun um brjóstvegg til þess að finna merki um sýkingu á hjartalokum. Með því að snúa ómskópinu í vélinda frá hjarta og að ósæðinni er liggur aðlægt vélinda, má auk þess fá mjög góðar upplýsingar um últit og sjúkdóma í ósæðinni í brjóstholinu. Ómun um vélinda er í vaxandi mæli notuð til mats á bráðveikum hjartasjúklingum, t.d. á gjörgæslu eftir hjartaaðgerðir. Aðferðin hefur verið notuð til þess að fylgjast með starfsemi hjartans hjá hjartasjúklingum er gangast undir aðrar stórar aðgerðir. Einnig hentar aðferðin til þess að meta árangur eftir ýmsar hjartaaðgerðir, t.d. viðgerð á hjartalokum áður en brjóstholinu er lokað. Þá er hægt að gera úrbætur áður en aðgerð er lokið í stað þess að þurfa að gera enduraðgerð síðar.

Framtíðarþróun í hjartaómum


Hjartaómum við álag: Hefðbundin hjartaómum um brjóstvegg og vélinda er gerð í hvíld. Þegar fyrir liggja marktæk þrengsli í kransæð sem á að næra ákveðið svæði hjartavöðvans verður ófullnægjandi blóðflæði til þessa svæðis við álag, svökölluð blóðþurrð. Hún veldur aftur skerðingu á samdráttar- getu hjartavöðvans og slíka breytingu má sjá með hjartaómum. Hjartaómum er þá fyrst gerð í hvíld, sjúklingur síðan láttinn erfiða, t.d. á hlaupabraut og síðan gerð hjartaómum aftur. Má þá sjá hvort ákveðin svæði í hjartavöðvanum starfa verr en áður í samanburði við starfsgetuna í hvíld. Oft getur verið erfitt að láta sjúklinga reyna á sig á hlaupabraut eða á hjóli. Því hafa verið þróaðar nýrri aðferðir þar sem gefin eru lyf er hafa örвandi áhrif á hjarta-starfsemina eða breyta blóðflæðismynstri um kransæðarnar. Mat á starfsemi hjartavöðvans við lyfjaframkallað

álag hefur gefið góða raun og fer notkun aðferðarinnar vaxandi. Hún virðist einkum henta í vafatilfellum, þegar ekki er með vissu hægt að segja hvort að þrengsli á kransæðamynntöku eru marktæk eða ekki. Álagshjartaómum getur þá gefið upplýsingar um hvort að þrengsli hafi starfræn áhrif á hjartavöðvann eða ekki.

Hjartaómum með skuggaefnisígjöf: Undanfarin ár hefur verið unnið að þróun sérstakra skuggaefna til notkunar samfara hjartaómum. Við venjulega röntgenrannsókn eru oft gefin skuggaefni í æð til þess að fá fram góðar röntgenmyndir, t.d. við kransæðamynntöku. Við þróun á skuggaefnum til notkunar við hjartaómum er einkum reynt að búa til efni er innihalda örsmár loftbólur, sem ekki hafa skaðleg áhrif, en auka mjög endurkast hjartaómum. Með gjöf slíksa ómskuggaefna er oft hægt að meta betur blóðflæði um hjartað. Einnig er hægt að gefa ómskuggaefni inn í kransæðarnar og fá þannig góðar upplýsingar um blóðflæðið til hjartavöðvans. Hægt væri að gera slíksa rannsókn í samspili við álagshjartaómum og fá enn gleggri upplýsingar um blóðflæði til hjarta-

vöðvans. Nú er unnið ötullega að rannsóknum á þessum framtíðaraðferðum.

Ómun inni í æðum og hjarta: Hann aðar hafa verið sérstakir æðleggir sem hægt er að nota til hjartaómumar. Eru þeir settir inn í æðar með hefðbundinni hjartapræðingartækni. Ómun innan frá á æðum gefur góðar upplýsingar um útlitsgerð æðaveggssins og æðakölkunarbreytingar. Hefur þetta verið notað til þess að meta ósæð og æðar niður í neðri útlimi, og einnig er verið að þróa þessa aðferð til þess að meta últit kransæðanna. Notkunarstíð þessarar rannsóknaraðferðar er enn á þróunartugi. Vonir eru bundnar við að hægt sé að nota hana í samspili við kransæðautvíkkun til þess að meta últit á kransæðum fyrir og eftir víkkun. Með sams konar æðlegg til ómunar er nú líka hægt að ómskoða hjartað með tvívíddarmynd innan frá. Þannig er hægt að sjá betur ýmsa hluta hjartans og meta árangur aðgerða sem nú eru gerðar með þræðingartækni. Með vaxandi notkun hjartaómumar er sennilegt að hjartapræðing þróist meira frá því að vera greiningaraðferð yfir í það að vera meðferðartækni. Góð dæmi eru kransæðautvíkkarnir svo og lokun á



Tækjabúnaður til hjartaómumar frá vélinda

gati á milli gátta með því að koma fyrir sérstökum bótum yfir gatið. Á rannsóknarstofu til hjartabréðingar í framtíðinni má reikna með að þar finnist hlið við hlið búnaður er bæði byggir á röntgen- og ómunartækni.

Hjartaómun í þrívidd: Með tilkomu öflugri tölvubúnaðar er nú unni að því að búa til þríviddarmyndir af útlitsgerð hjartans með ómunartækni. Sem stendur er aðferðin nokkuð seinvinn og þarf að bíða á meðan að tölvun býr til þrí-

víddarmynd af hjartanu. Reiknað er með því að á næstu árum þróist aðferð er geri mönnum kleift að sjá lifandi ómmyndir af hjartanu í þrívidd.

Lokaorð

Hjartaómun hefur tekið stórstígum framförum undanfarinn áratug og er nú grunnrannsóknaraðferð við mat á hjartasjúklingum. Tækni til hjartaómunar er enn í þróun og á eftir að taka stórstígum framförum á næstu 10

árum. Verður fróðlegt að fylgjast með þeirri framvindu.

Heimildir:

- Proceedings of the symposium „Echocardiography: State of the Art“. University of Kent, Canterbury, England. March 30 - April 3, 1992.
- Transoesophageal Echocardiography in Clinical Practice. (Eds. Sutherland GR, Roelandt JRTC, Fraser AG, Anderson RH) Gower Medical Publishing, London, New York, 1991.

HVER ER RÉTTUR ÞINN?

Kynntu þér rétt þinn til bóta frá Tryggingastofnun ríkisins.
Allar upplýsingar eru að finna í bæklingum okkar.
Gefðu þér tíma og kynntu þér rétt þinn—það getur borgað sig.

 TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS




ORKINISIA

Cheerios®

Sólargeisli
i hverri skeið

GENERAL  MILLS




NATHAN & OLSEN HF.

LÁTUM
LANDIÐ
Í FRÍÐI

Hendum ekki sígarettustubbum
eða flöskubrotum á víðavangi.

ATV



Björn Einarsson öldrunarlæknir:

ÖLDRUNARRANNSÓKN HJARTAVERNDAR



Björn Einarsson

Efniviðurinn

Öldrunarrannsókn Hjartaverndar hófst í maí 1991. Rannsóknarhópurinn er myndaður úr tveimur hópum úr fyrri rannsóknum Hjartaverndar,

B hóp, sem kom fyrst til skoðunar árið 1967, og kemur nú í sjötta skiptið til skoðunar, og hins vegar hóp F, sem verið hefur á skrá sem viðmiðunarhópur en hefur aldrei verið kallaður til skoðunar.

Þáttakendur eru fæddir árin 1907 til 1921, og eru um 1360 karlar og eitthvað fleiri konur.

Öldrunarrannsókn Hjartaverndar er í raun samsett af tveimur rannsóknum, annarsvegar Hjartaverndarrannsókninni sem er óbreytt frá því sem áður var, og hins vegar öldrunarrannsókninni, sem beint er að vandamálum, sem varða



ellina, og sjúkdómum sem eru algengir í ellinni. Mikið er til af upplýsingum um áhættuþætti fyrir æðakölkun og lífsvenjur B hópsins, og mikilvægt er að fylgja eftir og kanna breytingar á lífsvenjum þessa fólk, og meta áhrif þeirra breytinga á sjúkdóma fram á efri ár. Vitað er úr rannsóknum erlendis frá að áhættuþættir fyrir aldraða eru ekki endilega hinir sömu og fyrir yngri aldurshópa.

Framkvæmdin

Þáttakendur öldrunarrannsóknarinnar eru boðaðir símlieðis, en voru boðaðir bréflega í fyrri rannsóknum. Virðist það ætla að skila betri árangri. Þeir koma tvísvar í Hjartavernd eins og áður. Teknar eru blöðprufur, þvagróf, hjartalínurit, röntgenmynd og öndunarpróf, mæld hæð og þýngd, allt eins og áður. Síðan fer spryll yfir spurningalistann, sem er nokkuð viðameiri en sá fyrri. Tekur það um það bil eina klukkustund að fara yfir hann og boðið er upp á kaffi og meðlæti á meðan, og er það hin huggulegasta stund. Við seinni komuna einni viku síðar fer fram læknisskoðun, sem er öllu viðameiri en áður, og tekur yfirleitt 30-40 mínútur. Hefst hún á svokallaðri færniskoðun, en þá er skoðað göngulag, jafnvægi og hversu liðugur viðkomandi er. Síðan er eins og áður skoðað hjarta, æðakerfi og lungu. Einnig er gerð taugakerfisskoðun, þar sem leitað er eftir byrjunareinkennum Parkinsons sjúkdóms og merkjum eftir heilablóðfall. Einnig er blöðruhálskirtillinn þreifaður, og hægðaprufa er rannsokuð fyrir duldu blóði. Minnið er einnig prófað. Að þessu loknu er sest niður með þáttakandanum og farið er yfir niðurstöður, og þar sem Hjartavernd er einungis greiningarstöð er viðkomandi vísað í frekari rannsóknir og eftirlit hjá heimilislækni eða öðrum sérfræðingum, ef þörf er á.

Hefðbundna rannsóknin

Hefðbundna Hjartaverndarrannsóknin sem byrjaði 1967 hefur það að aðalmarkmiði að fylgjast með algengi (-prevalence) kransæðasjúkdóma, æðakölkunar og áhættupáttum þeirra hérlandis, bæði meðal karla og kvenna. Upplýsingar sem þannig hafa fengist hafa síðan verið notaðar í forvarnaskyni, þ.e. reynt hefur verið að draga úr áhættuþáttum með ýmsum ráðum og hefur þessi starfsemi skilað góðum árangri því tilni kransæðasjúkdóma fer nú örт lækkandi hér á landi. Helstu áhættuþættirnir eru reykingar, háar blóðfitur, hár blóðþrýstingur, sykursýki, og aettarsaga um sjúkdómana. Einnig hefur verið fylgst með öðrum hjartasjúkdómum og langvinnum lungnasjúkdómum, og fundin algengismörk fyrir algengustu blóðpróf.

Öldrunarrannsóknin

Öldrunarrannsóknin heldur áfram á sömu braut, og kannar sömu þætti hjá eldri aldursflokkum en áður, og leggur meiri áherslu á þá sjúkdóma sem eru algengari hjá eldra fólki. Einnig eru einkenni sjúkdómannna oft ósérhæfðari, og ekki eru alltaf skýr mörk á því hvað er sjúklegt og hvað er eðlileg öldrun. Þar af leiðandi eru bæði vangreiningar og ofgreiningar algengar. Því er mikilvægt að kanna algengi þessar sjúkdóma, og skilgreina klínisk viðmiðunargildi.

Fyrst er að nefna að kransæðasjúkdómar eru oftar þöglir þ.e. án brjóstverkja, hjá eldra fólki, og því auðvelt að missa af þeim.

Háþrýstingsmörk hafa ekki verið skilgreind eins vel og hjá yngra fólki, og er að koma í ljós að það borgar sig að meðhöndla háþrýsting einnig hjá eldra fólki.

Hjartabilun er algeng hjá eldra fólki, og er ein algengasta orsök dauða. Oftast byrjar hjartabilun með mæði eða andnauð, en hjá eldra fólki eru einkennin oft óljósari. T.d. er aðeins þriðjungur eldra fólks sem kvartar um mæði með hjartabilun, og eins byrjar hjartabilun hjá eldra fólki oft með ósérhæfðum einkennum eins og almennri þreytu og úthaldsleysi. Því er hætta bæði á ofgreiningu og vangreiningu á hjartabilun hjá eldra fólki, og stundum er eina ráðið að reyna meðhöndlun, ef ekki eru tök á hjartaómun.

Dettni og svimi og jafnvægisleysi eru algeng vandamál hjá eldra fólki. Tíðar byltur valda beinbrotum eins og mjáðmabrotum og framhandleggsbrotum og valda mörgum eldri borgaranum mikilli þjáningu og hreyfihömlun, auk þess að vera þjóðfélaginu dýrt vandamál. Þessu hefur ekki verið nægur gaumur gefinn, þó margar orsakir dettni séu meðhöndlanager. Neysla ýmissa lyfja, blóðþrýstingsfall í upprétttri stöðu, vöðvaslapappleiki í efri hlutum útlima (Prox-



imal myopathy) t.d. vegna vöðvagigtar, eru m.a. mikilvægar orsakir dettni.

Fæðuvenjur, þar með taldar fæðuvenjur aldraðra, hafa nýlega verið kannaðar af Manneldisráði. Í öldrunarrannsókninni verður neysla trefja, kalks, D-vítamíngjafa og járnriðkrar fæðu könnuð og borin saman við ýmsa sjúkdóma aldraðra, hægðavandamál, tilni beinbrota og blóðrauðagildi. Einnig er mæld fitusöfnun kviðar og borin saman við aðra líkamsfitu, en kviðarholfsitan er líklega sterkari áhættuþáttur fyrir æðakölkun en sjálf offitan.

Meltingarfæravandamál eru lítt könnuð hjá eldra fólki, þó vitað sé að hægðatregða og hægðalyfjanotkun sé mikilvandamál og dýrt. Mæld verða B 12 vítamín í blóði, en rýrnum á magaslímhúð veldur því að viðkomandi nýtir ekki það vítamín úr fæðunni.

Þvagfæravandamál eru einnig algeng hjá eldra fólki, og er þar um að ræða sjúkdóma í blöðruhálskirtli meðal karla, en þvaglekavandamál meðal kvenna, en þvagleki hefur erlendis sýnt sig vera miklu algengara vandamál en áður var talið, og hefur verið nefndur hinn duldi sjúkdómur fjöldans.

Minnisleysi, ellikölkun eða heilabilun er mikil rannsókuð víða út um heim, og leitað er að örsökunum. Í Hjartavernd eru til áratuga upplýsingar um áhættuþætti æðakölkunar og lífsvenjur fólks, og því stórkostlegt tækifæri að skoða þá þætti hjá þeim, sem fengið hafa einkenni heilabilunar, og rannsaka þannig þátt æðakölkunar í Alzheimer sjúkdómnum. Hugsunarhraðinn er einnig kannaður, en hann er líklega eini þáttur hinnar vitrænu starfsemi sem hægist við eðlilega öldrun, og getur því ekki talist sjúklegur.

Andleg vanlíðan, þunglyndi, kvíði og svefntruflanir eru einnig algeng vandamál hjá eldra fólki. Einkennin eru oft ósérhæfð og ruglað saman við ellikölkun og heilabilun, og þar sem um meðhöndlalanleg vandamál er að ræða er mikilvægt að missa ekki af þeim.


Augnþrýstingur hefur ávallt verið mældur í Hjartavernd-arrannsóknum, og verður svo áfram, en vitað er að gláka er algeng meðal aldraðra.

Blóðprófum hefur verið bætt við rannsóknina, og verða auk B 12 vítamíns mælt B vítamínið fólat, og mæld verða skjaldkirtlshormón, (efnaskipta-hormónin), en skortur á þessum efnum veldur oft ósérhaefðum einkennum sem auðvelt er að missa af. Auk þess að kynnast algengi á skorti á áðurnefndum efnum, lærum við um algengismörk á algengustu blóðprufunum í þessum aldurshópum, en þau eru ekki í öllum tilfellum þau sömu og hjá yngri aldurshópum. Hærri gildi sjást í sökki, blóðsykri, kólesteroli og þríglyseríðum; lægri gildi í albúmíni, járni og járnbindigetu; en blóðrauði helst óbreyttur með haekkandi aldry, og er því lækkaður blóðrauði hjá eldra einstaklingi merki um blóðleysi, en ekki fylgikvilli eðlilegrar elli.

Félagslegum spurningum um lífshætti hefur einnig verið bætt við. Einangrun eldra fólks er algengt vandamál í stórborgum erlendis, og er því nauðsynlegt að kanna hvort sú sé einnig raunin hérlandis. Lífsvenjur skipta trúlega meira máli fyrir heilsu manna á eftir árum en okkur grunaði. Við vitum jú að reykingar eru áhettuþáttur fyrir æðakölkun, langvinna lungnasjúkdóma og krabbamein, en nú er að koma í ljós að reykingar flýta öldruninni almennt, konur fara fyrir í tíðahvörf, beinin úrkalka meira og beinbrotum fjölgar líklega. Áfengismisnotun veldur almennu heilsuleysi, og hreyfingardeleysi er eldra fóki einnig varasamt.

Lokaorð


Undirritaður var ráðinn til Hjartaverndar í janúar 1991 til að standa að öldrunarrannsókninni. Ég kynntist svipaðri öldrunarrannsókn þar sem ég var við sérnám á Vasa sjúkrahúsini í Gautaborg (H-70), en sú-rannsókn byrjaði fyrir 19 árum undir stjórn Prófessors Alvars Svanborgs og er nú undir stjórn Prófessors Bertils Steens. Viða var leitað fanga við skipulagningu Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar, og margir lögðu hönd á plöginn. Vil ég þar nefna Nikulás Sigfússon dr.med. yfirlækni og faraldsfræðing, Ugga Þ. Agnarssonar hjartalækni, Pálma V. Jónsson öldrunarlækni, Laufeyju Steinþímsdóttir dr.phil. næringarfræðing, Halldór Kolbeinson geðlækni, Hallgrím Magnússon dr.med. geðlækni, Bjarna Þjóðleifsson meltingarsérfræðing, Guðmund Vikar Einarsson þvagfæraskurðlækni og Ólaf Ólafsson landlækni.



HEILSURÆKTIN SELTJARNARNESSI

- **Við bjóðum upp á tækjasal þar sem leiðbeinendur eru íþróttakennrarar.**
- **Fyrsta tímann þarf að panta þannig að hægt sé að prekþrofa, kenna á tækin og leiðbeina við teygjuaefingar.**
- **Lögð er áhersla á að hver og einn fái æfingaprógram við sitt hæfi og hafi markmið til að stefna að.**
- **Til að fylgjast með framförum er þrekið svo mælt reglulega.**
- **Tilvalið fyrir þá sem þurfa að þjálfa sig upp eftir meiðsl eða losa sig við vöðvabólgur og að sjálfsögðu fyrir alla þá sem stuðla vilja að andlegri og líkamlegri velliðan.**

SJÁUMST HRESS !



HREYFING ER HEILBRIGÐI HEILBRIGÐI ER LENGRA LÍF

Sund er bæði holtt og skemmtilegt.



ÍþRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ
REYKJAVÍKUR

Nikulás Sigfússon yfirlæknir:

ÁRSSKÝRSLA

RANNSÓKNARSTÖÐVAR HJARTAVERNDAR

Starfsárið 1/1 - 31/12 1991

YFIRLIT

Þetta er tuttugasta og fjórða starfsárið stöðvarinnar. Hóprannsókn Hjarta-verndar á höfuðborgarsvæðinu er sem fyrr aðalverkefni stöðvarinnar og 5. á-fanga rannsóknar á kvennahópi lauk á þessu starfsári. Þessi áfangi hófst í apríl 1987 og var gert ráð fyrir að honum lyki á s.l. starfsári en mjög tímafrekt reyndist að ná fullnægjandi mætingu og var þessum áfanga lokað 1. nóvember.

Öldrunarrannsókn hófst í maí 1991. Þessi rannsókn nær til þeirra þátttakenda í Hóprannsókn Hjartaverndar sem orðnir eru 70 ára og eldri. Umsjón með þessari rannsókn hefur Björn Einarsson, sérfræðingur í öldrunarlæknингum.

Fólk, sem ekki er í hóprannsóknum, hefur eins og fyrr leitað til stöðvarinnar, ýmist samkvæmt tilvísun lækna eða að eigin frumkvæði. Fjöldi þessara gesta hefur verið svipaður og undanfarin ár.

MONICA-rannsóknin hefur haldið áfram samkvæmt áætlun. Nú er lokið skráningu allra kransæðastíflutlfella árin 1981-1988. Unnið hefur verið úr gögnum og niðurstöður kynntar bæði innanlands og utan.


Á starfsliði urðu þær breytingar, að Björn Einarsson, sérfræðingur í öldrunarlæknígum, tók til starfa við stöðina um áramótin 1990/1991 en Ragnar Daníelsen, sérfræðingur í lyflækningum og hjartasjúkdómum, sem unnið hefur við stöðina eina eykt (3 klst.) í

viku frá miðjum ágúst 1990, hætti störfum 1. 5. 1991.

Á tækjabúnaði Rannsóknarstövarinnar urðu þessar breytingar helstar: Að tillögu Helga Sigvaldasonar, verkfræðings, var ákveðið að festa kaup á nettölву fyrir stöðina og tengja hana þeim 6 tölvum sem fyrir voru. Með tilkomu nettölvunnar skapast möguleiki á að samnýta allan hugbúnað (ritvinnsluforrit, grafisk forrit o.fl.) og jáðartæki (prentara). Jón Ingi Jósafatsson, verkfræðingur, leitaði tilboða í þetta verk og tók að sér umsjón með þessu tölvukerfi. Fyrir valinu varð nettölva af gerðinni CAS 386-33, 8 Mb, 212 Mb. Auk þess var endurnýjuð ein eldri tölvu stöðvarinnar og fengin í stað hennar Cordata AT-tölvu. Uppsetningu þessa búnaðar var lokið fyrir áramót en nokkur tæknileg vandamál voru þá óleyst.

Í sambandi við þessa endurskipulagningu á tölvumálum var fundarherbergi á 6. hæð innréttar fyrir gagnavinnslu og er þar nú mjög góð vinnu- aðstaða.

Sá hluti 5. hæðar í Lágmúla 9, sem áður var í leigu annarra en Landspítala var tekinn í notkun af Rannsóknarstöðinni á árinu. Gerðar voru endurbætur og lagfæringar á húsnæðinu og þar komið fyrir: funda- og gagnavinnsluherbergi, skrifstofu fyrir lækni, þolprófsherbergi og skoðunarherbergi vegna öldrunarrannsóknar. Auk þess var innréttuð gagnageymsla og viðbótarherbergi vegna MONICA-rannsóknar.



Nikulás Sigfússon

Rannsóknarstjórn starfaði með svipuðum hætti og áður og hafði umsjón með úrvinnslu gagna. Niðurstöður voru kynntar á læknapingum innanlands og utan og í greinum sem birtust í læknatímaritum.

RANNSÓKNIR

I. Fimmti áfangi Hóprannsóknar kvenna á Reykjavík-ursvæðinu.

Í mars 1987 hófst undirbúningur að boðun kvenna í fimmta áfanga Hóprannsóknar kvenna á Reykjavíkursvæðinu. Í þessum áfanga eru konur í s.k. b-hóp, sem boðið hefur verið til rannsóknar í öllum áföngum til þessa og til samanburðar er boðið s.k. e-hóp sem ekki hefur verið rannsakaður áður á stöðinni. Upphaflega (1967) voru í b-hóp 3.154 konur og í e-hóp 2.227.

Þegar rannsóknin hófst þ. 27. 4. 1987 voru látnar 453 konur úr b-hóp en 370 úr e-hóp. Alls var því boðið til rannsóknar 4.558 konum. Í byrjun starfsársins höfðu 2853 konur verið skoðaðar á stöðinni í fimmta áfanga Hóprannsóknar kvenna á Reykjavíkursvæðinu. Á árinu mættu 196 til viðbótar (Tafla I). Þegar rannsókninni lauk 1. nóv. höfðu þannig komið til skoðunar 3049 konur í V. áfanga eða um 67% boðaðra.

II. Öldrunarrannsókn.

Á sl. ári hófst undirbúningur að 6. og síðasta áfanga Hóprannsóknar Hjartaverndar. Ákveðið var, að þessi áfangi yrði notaður til sérstakrar athug-

unar á öldruðu fólk og verður boðið til þessarar rannsóknar þátttakendum úr B- og F-hópum sem náð hafa 70 ára aldri. Undirbúningur að þessari rannsókn hófst á sl. ári og hefur að mestu verið í höndum öldrunarsérfræðinganna Björns Einarssonar og Pálma V. Jónssonar en auk þess hefur verið leit-að ráða hjá ýmsum öðrum sérfræðingum.

Rannsóknin skiptist í two hluta þ.e. hina hefðbundnu rannsókn Hjarta-verndar en þar að auki er ítarleg könnun með spurningalista og ýmsum sérhæfðum rannsóknum sem beinast að sjúkdómum og félagslegum aðstæðum sem einkum snerta eldra fólk.

Þessi rannsókn hófst í byrjun maí

með forkönnun, sem að mestu var lokið í september. Þátttakendur eru allir boðaðir símleiðis. Í lok ársins höfðu verið rannsakaðir 156 karlar úr þessum hóp.

III. MONICA-rannsókn.

Þessari rannsókn, sem er fjölbjóða-rannsókn undir yfirumsjón Alþjóða-heilbrigðis- stofunarinnar, hefur áður verið lýst í ársskýrslum. Rannsóknin er í aðalatriðum þríðett: könnun áhættuþáttta, skráning kransæðastíflutlfella og skráning meðferðar við kransæðastíflu.

Skráningu kransæðastíflutlfella var heldið áfram á árinu. Þessi skráning hófst með árinu 1981 og er nú lokið fyrir árin 1981-1988. Skráningargögnum fyrir þessi ár hafa verið send til viinsslu í „MONICA DATA CENTRE“ í Helsinki. Skráning fyrir árin 1989 og 1990 er langt komin og er gert ráð fyrir að henni ljúki fyrir þessi ár í nóvember. Niðurstöður íslenzku skráningarinnar hafa verið kynntar í tímaritsgreinum og á læknapingum.

Gert er ráð fyrir þrem áhættuþáttakönnunum á fimm ára fresti. Var sú fyrsta 1983, önnur 1988-’89 og sú þriðja verður framkvæmd 1993. Niðurstöður fyrstu tveggja kannananna hafa verið sendar til viinsslu í Helsinki, auk þess sem unnið er að úrvinnslu hér.

Skráning meðferðar á kransæðastíflu fer fram tvívegis, í upphafi rannsóknarinnar og við lok hennar. Upphafsskráningin nær til um 500 tilfella. Fyrstu niðurstöður þeirrar athugunar hafa verið kynntar á þingi norrænu MONICA-stöðvanna í Haparanda í Svíþjóð í júní sl. Unnið er nú að sérstakri athugun á mismunandi meðferð við kransæðastíflu og afdrifum sjúklings með tilliti til þessa allt til ársloka 1990. Hefur Uggi Agnarsson, læknir, umsjón með þessum þætti úrvinnslunnar.

Í nóvember var læknunum Nikulási

TAFLA I.

Fjöldi einstaklinga, sem rannsakaðir voru á starfsárinu 1991 eftir mánuðum:

Mánuðir	V. áfangi		Utan		Öldrunar-rannsókn	Einst. í einst. prófum
	Hóprannsókn í Reykjavík	ka.	ka.	ko.		
Jan. 1991		24	139	96		1
Febr. 1991		40	120	79		1
Marz		31	119	78		2
Apríl		20	141	96	1	2
Maí		28	139	111	14	3
Júní		14	95	76	13	0
Júlí-ág.		1	117	131	3	0
Sept.		20	131	112	33	3
Okt.		18	128	97	37	6
Nóv.		0	102	64	29	2
Des.		0	70	28	26	0
		196	1301	968	156	20
Karlar	Konur		Alls			
Einstaklingar rannsakaðir á árinu:	14571164		2621			

Sigfússyni og Birni Einarssyni boðið að sækja sérstakt námskeið í Helsinki til að kynna sér stöðlun rannsóknaraðferða í MONICA- rannsóknunum á Norðurlöndunum. Heilbrigðisstofnun Finnlands (National Public Health Institute) stóð fyrir þessari ráðstefnu en “MONICA DATA CENTRE” Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar er staðsett við þá stofnun.

IV. Rannsóknir fólks utan kerfisbundinna skoðana.

Eins og áður hefur verið rannsakað fólk utan hinna kerfisbundnu skoðana, sem ýmist er vísað á stöðina af læknum eða leitar þangað sjálft.

Alls voru rannsakaðir 2.269 einstaklingar í þessum flokki sem er svipað og á sl. ári (2173).

IV. Aðrar rannsóknir.

1. Rannsókn á hjartavöðvasjúkdómi (cardiomyopathiu).

Uggi Agnarsson, læknir, hefur í samvinnu við Lyflæknisdeild Landspítalans haldið áfram rannsókn á hjartavöðvasjúkdómi meðal þátttakenda í Hóprannsókn Hjartaverndar, sem áður hefur verið lýst. Hefur Uggi nú lokið rannsókn bæði karla-og kvennahóps og vinnur nú að úrvinnslu gagna. Hefur Uggi kynnt fyrstu niðurstöður þessara rannsókna á læknaphingum bæði innanlands og utan en auk þess bíða nú tvær greinar um þetta efni birtingar í læknatímaritum.

2. Rannsókn á blóðflæði í ganglimum.

Rannsóknarstöð Hjartaverndar (Uggi Agnarsson) og Rannsóknarstofa Landspítalans (æðaránnar) (Guðmundur S. Jónsson) unnu sameiginlega að rannsókn á blóðflæði í ganglimum með Doppler-tækni. Gerður var samanburður á hópum manna með hátt og

lágt kólesteról í blóði sem reyktu eða reyktu ekki. Þessir einstaklingar, alls um 100 manns, voru valdir úr þátttakendum í Hóprannsókn Hjartaverndar. Tímaritsgrein um niðurstöður þessarar rannsóknar er nú að mestu lokið.

3. NORA-samvinnuverkefni.

Norræni háskólinn í heilbrigðisfræðum (Nordiska hälsovårdshögskolan) í Gautaborg hefur um nokkurt skeið verið að undirbúa samvirnu helztu rannsóknarstöðva á sviði faraldsfræði hjarta- og ædasjúkdóma á Norðurlöndum. Samanburður á niðurstöðum milli landa og sameiginleg úrvinnsla gagna getur veitt mikilvægar upplýsingar sem ekki fást á annan hátt. Þetta rannsóknarverkefni hefur verið nefnt Nordic Risk Factor Assessment (NORA) og eru þátttakendur í því nú: North Karelia Project (Finnlandi), The Tromsö Heart Study (Noregi), The National Screening Service Norway, The Glostrup Study (Danmörku) og The Primary Preventive Trial, Göteborg (Svíþjóð). Rannsóknarstöð Hjartaverndar var boðin þátttaka í þessu verkefni og sendi gögn á árinu 1990 til Nordiska hälsovårdshögskolan í Gautaborg þar sem gagnavinnsla fer fram.

Á árinu var unnið að frágangi gagna frá þessum sex rannsóknum og því verki lokið þannig að sameiginleg gagnavinnsla getur hafist.

4. Rannsókn á áfengisneyzlu.

Í samvinnu við próf. Þórð Harðarson, lyflæknisdeild Landspítala, var ákvæðið að framkvæma könnun á áfengisnotkun þátttakenda í Hóprannsókn Hjartaverndar. Gerður var stuttur spurningalisti með aðstoð Dr. Óttars Guðmundssonar, læknis, um helztu at-riði varðandi neyzlu áfengis. Þessi listi var síðan lagður fyrir þátttakendur í Hóprannsókn Hjartaverndar við komu á stöðina.

Í tengslum við þessa rannsókn var ákvæðið að gera nokkrar prófanir til þess að meta starfshæfni lifrar. Þessi próf eru mæling á GGT (gammaglutamyltransferase), alkaliskum fosfatasa og heildarbilirubini. Gagnasöfnun fyrir þessa rannsókn er nú lokið og úrvinnsla þeirra hafin.

5. Samanburðarrannsóknir á Íslendingum og Vestur-Íslendingum.

Eins og getið hefur verið í fyrri árs-skýrslum hefur um nokkurra ára skeið verið unnið að samanburðarrannsókn á Íslendingum búsettum á Íslandi og Vestur-Íslendingum búsettum á Interlake-svæðinu í Kanada. Í þessu verkefni eru íslenzkir, kanadiskir og bandarískir samstarfsaðilar. Þáttur Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar hefur aðallega verið að mæla blóðfitur í þeim einstaklingum sem hafa verið rannsakaðir.

Búið er að rannsaka fólk á Héraði og á Interlake-svæðinu. Árið 1989 var til viðbótar rannsakað fólk (um 150 manns) sem tók þátt í MONICA-áhættuþáttarannsókninni. Mælingar á blóðfitum þessara einstaklinga svo og á sýnum frá Kanada hafa verið gerðar á Rannsóknarstöð Hjartaverndar, en Rannsóknarstofa Háskólangs í lífeðlisfræði hefur unnið að mælingum á fitusýrum fosfolipíða.

6. Rannsókn á tannheilsu.

Í samvinnu við Tannlæknadeild Háskóla Íslands (Einar Ragnarsson, lektor, Sigfús Þór Elíasson, prófessor, og Sigurjón H. Ólafsson, lektor) var unnið að könnun á tannheilsu þátttakenda í „MONICA“-áhættuþáttakönnun. Tannlæknadeildin lagði til starfslið og sá um framkvæmd þessarar rannsóknar. Gagnasöfnun lauk 1989 og úrvinnsla stendur yfir. Nokkrar niðurstöður hafa þegar verið kynntar á tannlæknaphingum.

7. Rannsókn á gigtarþætti og liðagigt.

Á árinu 1986 var lokið mælingum á gigtarþætti (RF) í blöði allra þátttakenda úr Hóprannsókn Hjartaverndar í 3. og 4. áfanga. Árið 1987 fór fram sérstök rannsókn á liðum og liðaeinkennum þeirra sem reyndust jákvæðir fyrir RF og á samanburðarhóp. Unnið er að úrvinnslu gagna, og hafa nokkrar niðurstöður verið kynntar (sjá skýrslu Rannsóknastjórnar).

8. Skjaldkirtilsrannsókn.

Í samvinnu við Lyflækningadeild Landspítalans (Ástráður B. Hreiðarsen) og Aarhus Amtssygehus í Danmörku (Dr. Peter Laurberg) hefur verið unnið að könnun á sambandi joðneyzlu og mótefnamyndunar eins og lýst hefur verið í fyrrí ársskýrslum. Söfnun blóðsýna fyrir þessa rannsókn er lokið.

SKÝRSLA RANNSÓKNA-STJÓRNAR

Rannsóknastjórn var skipuð af Framkvæmdastjórn 9/11 1988. Í henni eiga sæti 5 menn: Guðmundur Þorgeirsson, Ulli Agnarsson, Gunnar Sigurðsson, Davíð Davíðsson og Nikulás Sigfússon. Formaður stjórnarinnar er Guðmundur Þorgeirsson.

Rannsóknastjórn kom saman til funda 10 sinnum á árinu 1991. Helztu verkefni stjórnarinnar hafa verið þessi:

1. Áhrif áhættuþátta á dánartíðni hjarta- og æðasjúkdóma.

Unnið hefur verið að því að meta vægi ýmissa áhættuþátta m.t.t. dánarorsaka. Nákvæmri skráningu dánarorsaka er nú lokið fyrir þátttakendur í Hóprannsókn Hjartaverndar til 1. 12. 1985 fyrir konur og til 1. 12. 1987 fyrir karla.

Á árinu 1990 átti formaður Hjarta-

verndar Magnús K. Pétursson, og Nikulás Sigfússon, yfirlæknir, viðræður við Hallgrím Snorrason, Hagstofustjóra. Gengið var frá samkomulagi við Hagstofuna þess efnis að hún léti Rannsóknarstöð Hjartaverndar í té afrit af dánarorsökum (án persónuupplýsinga annarra en kennitalna) að fengnu leyfi Tölvunefndar. Liggja nú fyrir dánarvottorð til maí 1990 og er unnið að skráningu þeirra á þar til gerð eyðublöð.

Nákvæmar upplýsingar um dánarorsakir eru undirstöðuatriði við mat á vægi hinna ýmsu áhættuþátta hjarta- og æðasjúkdóma. Af þessum sökum eru skráðar allar dánarorsakir, niðurstöður krufninga o.fl. og greiningarlyklar skv. alþjóðadánarmeinskra eru samræmdir en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þessari skrá á rannsóknartímabilinu. Guðmundur Þorgeirsson, læknir, hefur haft umsjón með þessu verki.

Á árinu voru birtar allmargar greinar um áhrif áhættuþátta og erindi flutt á læknaþingum. (Sjá skrá um ritsmíðar og erindi)

2. Skráning á kransæðastíflutilfellum er ekki leiddu til dauða.

Til þess að geta betur metið vægi hinna ýmsu áhættuþátta kransæðasjúkdóms er nauðsynlegt að hafa sem stærstan hóp manna er fengið hafa sjúkdóminn, hvort sem hann hefur leitt til dauða eða ekki. Því hefur verið unnið að skrásetningu allra tilfella af kransæðastíflu í Hóprannsókn Hjartaverndar. Að þessu hafa einkum unnið læknarnir Ulli Agnarsson og Emil Sigurðsson. Að hluta til hefur hér verið hægt að nýta MONICA-skráninguna en hún nær yfir tímabilið 1981-1988. Þessari skráningu er nú lokið miðað við áramót 1987-'88 og verið er að ganga frá tímaritsgrein með fyrstu niðurstöðum þessa verkefnis.

3. Undirbúningur VI. áfanga Hóprannsóknarinnar - öldrunarrannsókn.

Eins og að framan greinir var ákveðið að bæta við einum áfanga í Hóprannsókn Hjartaverndar og breyta rannsóknartilhögun verulega hjá þeim hluta þátttakenda sem komnir eru yfir sjötugt. Rannsóknarstjórn fjallaði ítarlega um ýmsa þætti þessarar rannsóknar á fundum sínum.

4. Rannsókn á frystum sýnum.

Eins og kunnugt er hafa fryst sermisýni verið geymd frá þátttakendum allt frá upphafi Hóprannsóknarinnar 1967. Rannsóknastjórn ákvað að fengnu leyfi Framkvæmdastjórnar að nýta hluta þessara sýna (úr Hóp D, karlar) til vissra mælinga þ.e. til ákvörðunar á lipoproteinum Apo A, Apo B og Apo(a) og meta vægi þessara lipoproteina sem áhættuþatta. Þessum mælingum er nú lokið. Einnig hefur verið ákveðið að framkvæma mælingar á fitusýrum fosfolipíða í þessum sýnum. Til þessa verkefnis var sótt um styrk úr Vísindasjóði sem veitti kr. 640.000 til verkefnisins.

Rannsóknin verður gerð í samvinnu við Rannsóknarstofu Háskólangs í lyfjafraði sem lánar tæki til mælinganna (gaschromatograf) en Hjartavernd keypti sk. integrator tölву sem vantaði í þetta tæki. Fyrir hönd Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar hefur Ásdís Baldursdóttir, líffræðingur, annast mælingarnar en hún fékk á sl. ári þjálfun hjá próf. Jóhanni Axelssyni, Rannsóknarstofu Háskólangs í lífeðlisfraði. Tilraunamælingar hafa farið fram síðustu mánuði starfsársins og er gert ráð fyrir að mælingar á sýnum Hjartaverndar geti hafist í byrjun ársins 1992.

5. Rannsókn á ungu fólk - afkomendarannsókn.

Rannsóknastjórn hefur á starfsárinu

hugað að næstu verkefnum á sviði hóprannsókna þar sem nú sér fyrir endann á síðasta áfanga Hóprannsóknar Hjartaverndar á Reykjavíkurvæðinu sem staðið hefur síðan 1967.

Til athugunar hefur verið möguleiki á rannsókn á ungu fólk í þ.e. á aldrinum 15-25 ára. Rannsóknastjórn telur, að það myndi auka mjög gildi slískrar rannsóknar að tengja hana fyrri rannsóknum Rannsóknarstöðvarinnar með því að rannsaka afkomendur þátttakenda í Hóprannsókn Hjartaverndar. Myndi það gefa möguleika á athugun erfðafræðilegra þáttu í sambandi við hjarta- og ædasjúkdóma.

6. Úrvinnsla gagna.

Rannsóknastjórn hafði umsjón með úrvinnslu gagna. Á árinu komu út á prenti 15 rit, greinar eða útdráttir sem fjölluðu um vísindalegar niðurstöður rannsókna Hjartaverndar. Sérfræðingar og ráðgjafar Hjartaverndar fluttu 21 fyrirlestur á læknaþingum.

SKÝRSLUR, RIT, GREINAR OG ERINDI LÆKNA OG RÁÐGJAFAR RANNSÓKNARSTÖÐVAR HJARTAVERNDAR Starfsárið 1991

Skýrslur, rit og greinar

1. Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar starfsárið 1/1-31/12 1990. Rannsóknarstöð Hjartaverndar, Reykjavík, 1990.
2. Nikulás Sigfússon, Helgi Sigvaldason, Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Laufey Steingrimsdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson, Gunnar Sigurðsson: Breytingar á tíðni kransæðastíflu og kransæðadauðsfalla á Íslandi. Tengsl við áhættuþætti og mataræði. Læknablaðið, 77: 49-58, 1991
3. Jon S. Jonsson, Guðmundur M. Johannesson, Nikulás Sigfússon, Bjarki Magnússon, Bjarni Thjodleifsson and Sigmundur Magnusson: Prevalence of iron deficiency and iron overload in the adult Icelandic population. J Clin Epidemiol, 44: 1289-1297, 1991
4. Nikulás Sigfússon, Helgi Sigvaldason, Laufey Steingrimsdóttir, Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson, Gunnar Sigurðsson: Breytingar á tíðni kransæðastíflu og kransæðadauðsfalla á Íslandi. Tengsl við áhættuþætti og mataræði. Læknablaðið, 77: 49-58, 1991

Decline in ischaemic heart disease in Iceland and change in risk factor levels. Brit Med J, 302: 1371-1375, 1991

5. Ólafur Ólafsson, Jón Snædal, Þór Halldórsdóttir, Björn Einarsson, Pálmi V. Jónsson, Nikulás Sigfússon: Um sveigjanlegan eftirlaunaaldur o.fl. Heilbrigðisskýrslur. Fylgirit 1991 nr. 1 Landlæknisembættið, desember 1991
6. Jón J. Jónsson, Guðmundur M. Jóhannesson, Nikulás Sigfússon, Bjarki Magnússon, Bjarni Þjóðleifsson, Sigmundur Magnússon: Járnbúskapur fullorðinna Íslendinga: Tíðni járn-skorts og járnofhleðslu. Læknablaðið, 77: 3-11, 1991
7. W. Morgenstern, M.S. Tschekovski, E. Nüssel, G. Schettler (Eds.) CINDI - Countrywide Integrated Noncommunicable Diseases Intervention Programme. Baseline Evaluation. Springer-Verlag, 1991
8. Ólafur Ólafsson: Jafnrétti og heilbrigðispjónusta. Læknablaðið/Fréttabréf lækna Nr. 1: 12, 1991
9. Nikulas Sigfusson, Helgi Sigvaldason, Laufey Steingrimsdóttir, Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Thorsteinn Thorsteinsson, Gunnar Sigurdsson: Recent decline in ischaemic heart disease in Iceland - coincides with a change in risk factors (Abstract). Europ Heart J, 12: 302, 1991
10. A. Baldursdóttir, G. Sigurdsson, U. Agnarsson, H. Sigvaldason, G. Thorgeirsson, N. Sigfusson: The predictive value of apolipoproteins in a prospective survey for coronary heart disease amongst Icelandic men. (Abstract) 9th International symposium on atherosclerosis, Chicago, October 6-11, 1991
11. Nikulas Sigfusson, Helgi Sigvaldason, Laufey Steingrimsdóttir, Thorsteinn Thorsteinsson, Gunnar Sigurdsson: Recent decline in ischaemic heart disease in Iceland - explained by a change in risk factors. (Abstract) 57th European Atherosclerosis Society Meeting Lisbon 22-25 May 1991
